

REGLUGERÐ

um opinber innkaup og starfsemi Innkaupastofnunar ríkisins.

Skipulag opinberra innkaupa.

1. gr.

Opinber innkaup heyra undir fjármálaráðuneytið, sbr. auglýsingu nr. 96 31. desember 1969, um staðfestingu forseta Íslands á reglugerð um Stjórnarráð Íslands.

2. gr.

Fjármálaráðherra skipar þriggja manna stjórn opinberra innkaupa til tveggja ára í senn.

Innkaupastofnun ríkisins.

3. gr.

Á vegum ríkisins skal rekin innkaupastofnun, og er stjórn opinberra innkaupa jafnframt stjórn stofnunarinnar.

Innkaupastofnunin annast innkaup fyrir allar stofnanir sem reknar eru fyrir reikning ríkissjóðs að öllu eða einhverju leyti. Ber stofnunum þessum að láta innkaupastofnunina annast innkaup sín.

Fjármálaráðherra getur þó að fenginni umsögn stjórnarinnar heimilað einstökum ríkisstofnunum eða ríkisfyrirtækjum að annast eigin innkaup. Ríkisstofnanir skulu haga viðskiptum sínum í samræmi við ákvæði laga um opinber innkaup og hlíta fyrirmælum stjórnar opinberra innkaupa.

4. gr.

Fjármálaráðherra skipar forstjóra til fjögurra ára í senn að fenginni umsögn stjórnar.

Forstjóri má hvorki hafa á hendi önnur störf, er snerta verslun og viðskipti, né vera í stjórn verslunarfyrirtækja. Hann skal hafa alhliða þekkingu og reynslu í viðskiptum.

5. gr.

Forstjóri ræður starfslíð í samræði við stjórn stofnunarinnar. Enginn starfsmaður innkaupastofnunarinnar má annast viðskipti við fyrirtæki þar sem hann hefur hagsmuna að gæta.

6. gr.

Innkaupastofnun ríkisins annast innkaup á innlendum og erlendum markaði á vörum og þjónustu fyrir opinberar stofnanir og fyrirtæki, rannsakar sameiginlegar þarfir á vörum og þjónustu og beitir sér fyrir samræmdum innkaupum. Einnig skal stofnunin láta í té viðskiptalega aðstoð og leiðbeiningu um einstök innkaup eftir því sem þörf gerist.

Stofnunin ráðstafar eignum ríkisins sem ekki er lengur þörf fyrir. Fjármálaráðherra getur ákveðið aðra málsmeðferð við sölu eigna ríkisins, þar á meðal fasteigna og skipa.

7. gr.

Innkaupastofnun ríkisins skal viðhafa þá meginreglu að kaupa ekki inn aðrar vörur en þær, sem fyrirfram er vitað að ríkisstofnanir þarfnist, eða þær hafa pantað hjá stofnuninni.

Stofnuninni er eigi heimilt að binda fjármuni umfram fjárúttegun einstakra stofnana í kaupum á vöru og þjónustu, nema til komi heimild fjármálaráðuneytis.

8. gr.

Peirri meginreglu skal fylgt að bjóða út kaup á vörum og þjónustu til reksturs og fjárfestinga. Skal tilboða leitað með hæfilegum fyrirvara. Jafnan skal tekið því boði sem hagkvæmast er miðað við verð, vörugæði, afgreiðslu og aðra skilmála. Skylt er að veita tilbjóðendum upplýsingar um hvaða tilboði er tekið og hvers vegna. Ef aðstæður eru ekki fyrir hendi til útboðs, að mati stjórnar, skal Innkaupastofnun ríkisins, semja við viðskiptaaðila til að tryggja sem hagkvæmast verð, vörugæði, afgreiðslu og annað sem máli skiptir.

9. gr.

Innkaupastofnunin selur eða útvegar ríkisstofnunum og fyrirtækjum allar vörur á kostnaðarverði að viðbætti þóknun samkvæmt gjaldskrá sem fjármálaráðherra samþykkir. Gjaldskráin skal miðast við að þóknun standi undir rekstri stofnunarinnar.

10. gr.

Innkaupastofnun ríkisins leitar afsláttarsamninga við einstaka viðskiptaaðila og lætur ríkisstofnunum í té skrá yfir slíka viðsejendur. Ber ríkisstofnunum að beina viðskiptum sínum til þeirra aðila.

11. gr.

Ríkisstofnunum er skylt að veita Innkaupastofnun ríkisins upplýsingar um innkaup á vörum og þjónustu, þegar óskað er, og ennfremur að tilkynna stofnuninni ef gæðakröfur og aðrir skilmálar af hendi seljanda eru ekki uppfylltir.

12. gr.

Innkaupastofnun ríkisins annast sérstök verkefni sem henni er falið með sérstökum lögum. Samkvæmt 14. gr. laga nr. 63/1970 er henni falið að annast útboð, bókhald og fjárreiður opinberra framkvæmda.

13. gr.

Reikningar Innkaupastofnunar ríkisins skulu endurskoðaðir af ríkisendurskoðun og birtir í B-hluta ríkisreiknings.

Verksvið forstjóra.

14. gr.

Forstjóri annast daglegan rekstur Innkaupastofnunar ríkisins og ber ábyrgð á fjárreiðum hennar og reikningshaldi. Í fjarveru forstjóra gegnir staðgengill störfum hans. Forstjóri gerir tillögur um fjárhagsáætlun stofnunarinnar og leggur áætlunina fyrir stjórn til meðferðar. Á sama hátt skal gengið frá ársskýrslu.

15. gr.

Forstjóri undirbýr fundi stjórnar, situr fundi hennar og sér um framkvæmd á samþykktum, sem stjórnin gerir. Hann gerir tillögur til stjórnar um ákvarðanatöku í sambandi við útboð, tilboð og kaup á vörum og þjónustu. Forstjóri tekur ákvarðanir um almenn útboð og vörukaup eftir nánari ákvörðun stjórnar.

Verksvið stjórnar.

16. gr.

Stjórnin skal gæta þess að opinberum innkaupum sé hagað á sem hagkvæmasta hátt og í samræmi við tilgang laga um opinber innkaup.

17. gr.

Stjórnin er ráðgefandi um undirbúning útboða á vegum Innkaupastofnunar ríkisins og innkaupadeilda ríkisstofnana og eru útboðslýsingar háðar samþykki hennar. Hún fylgist með framkvæmd útboða svo og innkaupum á vörum og þjónustu og samræmir starfsaðferðir.

18. gr.

Stjórnarmenn skulu víkja úr sæti ef rædd eru eða afgreidd viðskipti við fyrirtæki eða stofnanir sem þeir eiga hlutdeild í eða gæta hagsmuna fyrir. Stjórnin getur ákveðið um kaup á vörum og þjónustu samkvæmt tilboðum á grundvelli útboða að fenginni umsögn forstjóra og forstjóra hlutaðeigandi stofnunar. Ef ástæða þykir til skýtur stjórnin málefni til úrskurðar ráðherra.

19. gr.

Stjórnin ákveður hvort útboð skuli fara fram, þegar um innkaup er að ræða, ef vafi leikur á að útboð henti eða aðrar innkaupaaðferðir þykja henta betur. Einnig setur stjórnin reglur um fyrirkomulag minniháttar innkaupa ríkisstofnana.

20. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 52/1987, um opinber innkaup, og öðlast þegar gildi. Jafnframt er reglugerð nr. 164/1959, um Innkaupastofnun ríkisins, numin úr gildi.

Fjármálaráðuneytið, 14. apríl 1988.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Pórhallur Arason.

REIKNINGUR

Tryggingarsjóðs viðskiptabanka fyrir árið 1987.

REKSTRARREIKNINGUR 1987.

Tekjur:

Árgjöld viðskiptabanka	64 050 121
Verðbætur og vextir af verðbréfum	26 524 738
Vaxtatekjur af bankainnistæðum	5 636 852
Tekjur alls	96 211 711

Gjöld:

Stjórnarlaun	464 001
Annar rekstrarkostnaður	324 984
Launaskattur	16 240
Verðbreytingagjöld	12 233 960
Gjöld alls	13 039 185

Hreinar tekjur 83 172 526